

1. des 2006 EÁ

**Tillögur að texta í lagafrumvarpi vegna frítekjumarks fyrir öryrkja.**

**Tillaga frá Sigurði Grétarssyni á TR uppskrifuð af E.Á.**

Ef eigin tekjur öryrkja af atvinnu eru 300.000 krónur á mánuði eða lægri koma þær ekki til skerðingar á tekjutryggingu. Séu eign atvinnutekjur hærri en 300.000 krónur á ári skuli draga frá þeim 300.000 krónur á ári eða 40% af eigin atvinnutekjum og gildir þá sú tala sem hærri er.

**Eða eins og í þingsályktunartillögu stjórnarandstöðunnar:**

Í lið 2. Frítekjur vegna atvinnutekna lífeyrisþega lífeyrisþega verði.....Öryrkjar hafi val um þetta frítekjumark eða eldri reglu eftir því hvort er þeim hagstæðara.

Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu myndi þetta valda því að greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) hækkuðu til þeirra öryrkja sem hefðu atvinnutekjur allt að 62.500 krónum á mánuði eða 750.000 krónum á ári. Fyrir ofan þessar tekjur myndi eldri reglan gilda.

Sá sem aflaði sér nákvæmlega 300.000 króna í eigin atvinnutekjur myndi hagnast mest á þessari viðbót því greiðslur hans frá almannatryggingum myndu hækka um 5.993 krónur á mánuði fyrir tekjuskatt.

Í raun yrði þá skerðingarhlutfallið 0% fyrir þann sem aflaði sér 25.000 króna á mánuði í atvinnutekjur eða 300.000 króna á ári. Sá sem aflaði 300- 750.000 króna á ári fengi skerðingu á tekjutryggingu upp á 39,95%. Sá sem hefði atvinnutekjur yfir þetta hefði tæp 24% í skerðingarhlutfall tekjutryggingar. (60% af 39,95% sem gerir 23,97%).

**Sigurður benti einnig á aðra tillögu sem væri einföld í skilningi að hans mati en kostaði meiri útgjöld fyrir TR og kæmi sér betur fyrir fleiri örorkulífeyrisþega.**

Í því tilfelli myndi skerðingarhlutfallið vera 0 fyrir eigin atvinnutekjur allt að 300.000 krónum á ári eins og áður, en fyrir tekjur umfram það yrði hlutfallið tæp 24%. Þannig yrði ekki um þennan millikafla að ræða þar sem skerðingarhlutfall yrði 39,95% eins og greint er frá hér að ofan (þegar eigin atvinnutekjur eru 300-750 þúsund krónur á ári).

Til að þetta væri gæti greinin hljóðað svo:

Frá eigin tekjum af atvinnu dragast 300.000 krónur á ári. Standi þá eitthvað eftir gildir eldri reglan um að aðeins reiknist 60% eigin atvinnutekna til skerðingar.

**Mismunur á 300.000 króna frítekjumarki vegna eigin atvinnutekna og á núverandi 60% reglu fyrir öryrkja. Byr ekki einn. Ekki aldurstengd ororka.**

I	II	III	
Atvinnutekjur kr á mánuði	Grunni tekjutr(79.674) 60% vægi atvinnutekna	Grunni tekjutr(79.674) 25.000 kr í frítekjumark á mán	Mism Kr.
-	104.505	104.505	-
10.000	102.108	104.505	2.397
20.000	99.711	104.505	4.794
40.000	94.917	98.513	3.596
60.000	90.123	90.523	400
80.000	85.329	82.533	- 2.797
100.000	80.535	74.543	- 5.993
120.000	75.741	66.553	- 9.189
140.000	70.947	58.563	- 12.385
160.000	66.153	50.573	- 15.581
180.000	58.769	39.992	- 18.777

Tekjutrygging ororkulfeyrisþega er 79.674 frá 1.jan 2007 miðað við frumvarp ríkisstjórnarinnar. Skerðingarhiutfall er 39,95%. Frítekjumark upp á 300.000 kr á ári gera 25.000 kr á mánuði.

**Sá sem hefur 62.500 krónur á mánuði (750.000 kr á ári) eða minna í atvinnutekjur hagnast á því að fá 300.000 kr frítekjumark á ári, en ef tekjur hans eru hærri en þetta er betra að hafa 60% vægi atvinnutekna eins og nú er.**